

Lífsvefurinn

Fólk er hluti af umhverfinu – en ekki aðskilið frá því.

Málefni	Umhverfismál, hnattvæðing, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	10+
Tími	30 mínútur
Yfirlit	Hér er fæðukeðja heimsins gerð að viðfangsefni. Fjallað er um: <ul style="list-style-type: none"> • Hvernig lifandi og dauðir hlutir eru háðir hver öðrum. • Óhjákvæmileg áhrif mannsins á umhverfið og afleiðingar þess.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Eignarrétturinn. • Rétturinn til að lifa í heilsusamlegu umhverfi. • Rétturinn til að þroskast.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að gera sér grein fyrir því hvernig lifandi og dauðir hlutir eru háðir hver öðrum. • Að skilja hvaða áhrif maðurinn hefur á vistkerfin. • Að skapa virðingu fyrir eiginlegu gildi lífsins.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Bandhnykill. • Skæri.

Leiðbeiningar

Verkefninu er skipt í tvo hluta: 1 – lífsvefurinn búinn til, 2 – eyðilegging hans.

1. hluti

1. Láttu þátttakendur standa í hring.
2. Segðu þeim að þeir eigi að búa til líkan af lífsvefnum.
3. Þú byrjar. Haltu hnyklinum í hendinni og nefndu eitthvert grænmeti, til dæmis hvítkál.
4. Haltu í endann á þræðinum og hentu hnyklinum til einhvers í hringnum. Hann grípur hann! Nú er beinn þráður á milli ykkar tveggja.
5. Sá sem greip hnykilinn á því næst að nefna eitthvert dýr sem étur hvítkál, til dæmis fiðrildislirfu. Síðan halda báðir í þræðinn og henda hnyklinum til þriðja aðila í hringnum.
6. Sá þarf að láta sér detta í hug eitthvert dýr sem étur fiðrildalirfu, til dæmis fugl, og ef hann veit enn betur getur hann nefnt tegundina, svo sem þröst. Síðan kastar hann hnyklinum til fjórða aðilans.
7. Leiknum er haldið áfram og hnykillinn flýgur fram og aftur um hringinn þar til allt er komið í eina stóra flækju sem á að tákna „lífsvefinn“.

2. hluti

1. Taktu skærin og segðu þátttakendum að nefna dæmi um eitthvað sem skemmir þennan vef, svo sem hraðbraut sem lögð er í gegnum ræktað land eða ofveiði á þorskstofninum.
2. Klipptu gat í vefinn í hvert sinn sem einhver nefnir slík dæmi.

MÁLEFNI



UMHVERFISMÁL



HNATTVÆÐING



ALMENN MANNRÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG



STIG 2

HÓPSTÆRÐ



10+

TÍMI



30 MÍNÚTUR

Samantekt og mat

Spyrja ætti þátttakendur hvernig þeim leið þegar þeir sáu lífsvefinn eyðilagðan og halda svo áfram umræðum um málið og hvað gera þurfi til verndar umhverfinu.

- Hvernig leið ykkur þegar þið sáuð vefinn smám saman eyðileggjast?
- Var auðvelt að nefna dýr og plöntur í hinum ýmsu fæðukeðjum? Hve vel er fólk að sér um náttúrufræði?
- Hverjum ber að annast verndun umhverfisins?
- Jafnvægi í náttúrunni er afar flókið fyrirbæri og ekki er auðvelt að segja til um hver hnattræn áhrif einherrar tiltekinnar aðgerðar kunni að verða. Hvernig er þá hægt að ákveða hvernig nota skuli auðlindir jarðar? Hvernig getur fólk til dæmis ákveðið hvort höggva skuli skóglendi til að hægt verði að rækta korn á svæðinu?
- Í 1. grein Alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi segir að „allar þjóðir megi, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum“. Hefur fólk þá fullan rétt til að nota umhverfi sitt að vild?
- Við treystum því að umhverfi okkar sjái okkur fyrir fæðu til að nærast á og hreinu lofti í lungun. Við gætum ekki lifað án heilnæms umhverfis, það er forsenda lífsins. Er það því æðsta skylda okkar að virða umhverfi sem okkur er ekki heimilt að nýta að vild? (Á sama hátt og okkur er skylt að virða réttindi og frelsi annarra, sem aftur á móti takmarkar rétt okkar sem einstaklinga.)

Í lokin skaltu biðja þátttakendur að nefna í fljótheitum nokkrar vel heppnaðar umhverfisaðgerðir. Enn er von! Fjöldi fólks um allan heim berst fyrir því að við skilum komandi kynslóðum sjálfbæru umhverfi.

Ábendingar til leiðbeinanda

Hver fæðukeðja skal sýna raunveruleg eða möguleg tengsl. Til dæmis gras – kindur – menn. Eða svif – hvalir. Eða svif – síld – svín (fiskimjöl er oft notað sem svínafóður) – menn – tígrisdýr! Hafa skal í huga að þegar skepna deyr rotnar skrokkurinn og steinefnin sem jarðvegurinn tekur upp næra gróðurinn. Þannig hefst lífsferlið að nýju. Milljarðar slíkra ferla tengjast saman og skapa lífsvefinn.

Reyna ætti að fá þátttakendur til að nefna eins margar fæðukeðjur og framast er unnt, til dæmis lífríki í skóglendi, fjallendi, á heiðum, í mýrlendi, tjörnum, ám og sjó. Leiðbeinandinn gæti þurft að grípa fram í og segja eitthvað á þá leið að nú skolist steinefnin út í sjó og komi plöntusvifinu til góða. Eða, ef hverfa skal frá lífríki sjávar og upp á land, er hægt að segja að veiðibjallan sem át bogkrabbann hafi flogið upp í sveit í leit að hræjum og þar hafi hún drepist. Ef einhver í hópnum gefst upp á að halda keðjunni áfram má hann fá ábendingar frá hinum.

Þegar komið er yfir í annan hluta, þar sem skærin eru notuð, skal klippa göt í vefinn hér og þar af handahófi. Fyrstu götin skipta ekki miklu máli vegna þess að þræðirnir liggja þvers og kruss og halda vefnum að mestu leyti saman. En eftir því sem götin verða fleiri leysist vefurinn smám saman upp og að lokum liggur bara hrúga af spottum á gólfinu og í kringum hana standa þátttakendur með einskis nýtan enda í hendinni.

Í öðrum hluta verkefnisins þarf leiðbeinandinn að vera viðbúinn því að þurfa að veita umdeild svör við spurningunni um hvað það sé sem eyðileggi vefinn. Sumir þátttakendur, t.d. grænmetisætur, kunna að halda því fram að fólk sem borði kjöt skemmi vefinn. Taka ætti undir það sjónarmið og biðja hina í hópnum að segja álit sitt á því. En gæta skal þó þess að

Lykildagsetningar**22. mars**Alþjóðadagur
ferskvatnsins**22. apríl**

Dagur jarðarinnar

fara ekki út í mikið spjall á þessu stigi; best er að ljúka leiknum og taka upp umræður í samantektinni.

Ekki má gleyma sér í umræðunum, heldur hafa markmið verkefnisins ávallt í huga, þ.e. áhrif mannsins á umhverfið.

Vefurinn sem hefur verið eyðilagður dregur upp áhrifamikla mynd. Því er mikilvægt að ætla hópnum svolitinn tíma til þess að fjalla stuttlega um þær framfarir sem nú eiga sér stað í umhverfismálum. Einnig er hægt að benda á ýmislegt annað sem hægt er að gera og hvað þátttakendur geta lagt af mörkum. Ástandið í heiminum er vissulega ógnvekjandi en mikilvægt er að fólk finni sig ekki ráðþrota gagnvart þeim verkefnum sem fram undan eru.

Gott er að lesa ítarefnið, aftar í bókinni, áður en fjallað er um tengslin milli mannréttinda og umhverfismála.

Tilvalið er að vinna þetta verkefni í náttúrufræðitíma.

Tillögur um framhald

Hægt er að nota þetta verkefni sem inngang að umræðum um mannréttinda- og umhverfismál. Væri til dæmis æskilegt að mannréttindi tækju til umhverfisins, líkt og til manna? Hefur umhverfið eitthvert gildi sem er æðra notagildi þess? Er hægt að ætlast til þess að dýr njóti réttinda?

Það þarf pólitískan vilja og það kostar fyrirhöfn og peninga að koma á sjálfbærri nýtingu auðlinda. Hægt er að velta því fyrir sér hve mikið meira ríki heims gætu gert til að fræða fólk um umhverfismál og styðja vísindalegar rannsóknir og áætlanir um umhverfisvernd ef þau eyddu ekki eins miklum fjármunum í vopn og vígbúnað og raun ber vitni. Vilji þátttakendur kynna sér þennan málaflokk betur er bent á verkefnið „Ráðstöfun fjármuna“ á bls. 197.

Hugmyndir um aðgerðir

Hægt er að leita eftir þátttöku í ýmsum umhverfisverkefnum og hafa til dæmis samband við samtökin „Youth and Environment Europe“ (YEE). Þetta eru regnhlífarsamtök rúmlega fjóurtíu frjálsra æskulýðssamtaka, innan sveitarfélaga og á landsvísu, sem vinna að rannsóknum og náttúru- og umhverfisvernd í Evrópu. www.ecn.cz/yee/.

Einnig er hægt að hafa samband við umhverfissamtök hér á landi og fá upplýsingar um hvernig hægt er að verða umhverfisvænn neytandi.

Nánari upplýsingar

Í náttúrunni tengist allt hvað öðru. Allir hlutir, lifandi sem dauðir, tengjast einhverri hringrás, til dæmis kolefnishringrásinni og hringrás vatnsins. Fæðukeðjan er hluti þessara hringrásra. Fæðukeðja á upptök sín hjá plöntu sem notar ljósorku frá sólinni, steinefni úr jarðveginum og vatn til að afla sér næringar til að geta lifað og dafnað. Þegar grænmetis, til dæmis hvítkáls, er neytt skila steinefnin og orkan úr blöðum þess sér áfram og nýtast til dæmis fiðrildislirfu. Þar sem dýrin lifa hvert á öðru skilar orkan og steinefnin sér áfram í fæðukeðjunni. Þegar dýrið sem er efst í fæðukeðjunni deyr „éta“ bakteríurnar skrokkinn svo að hann rotnar. Plönturnar nærast svo á steinefnunum úr skrokknum og ný fæðukeðja verður til.